Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf send Benedikt 1930-1939, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – A. P. Johannson – Arnar Guðmundsson – Árni Eggertsson – Benedikt Kristjánsson – Björn Daníelsson – Björn Guðmundsson – Björn Guðmundsson – C. A. C. Brun – D. Thorsteinsson – Dagbjartur Þorsteinsson – Ejnar Munksgaard – Gísli Sveinsson – Guðm. Einarsson – Guðm. Gamalíelsson – Guðrún Jónasson – Halldór Benediktsson – Halldór Guðmundsson – Jakobína Johnson – Jóhannes Guðmundsson – Jón Guðmundsson – Jón Guðmundsson – Karen Ágústa – Kiddi og Sveinn Þórarinsson – Kr. Bergsson – Kristbjörn Benjamínsson – Kristján Kristjánsson – Kristján Þórarinsson – Kristófer Jónsson – Marteinn Bjarnason – Ólafur Ketilsson – Páll Guðmundsson – Stefán – Sveinn Einarsson – Félag lýðveldissinna í Reykjavík

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Benediktarskjöl

Askja 5-7, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Heyrðu nafni minn

Voða værirðu væn, ef þú gætir léð mjer einhverja Romana danska eða Íslenska að lesa, En þú mátt til að athuga það að ef þeir eru danskir, vel þá ekki vandalega reifara helst leynilögreglu-roman. Eiga ekki systur þínar mikið af þeim. Eg kem þeim suður aftur ef vill, annars eiga nú smávegis sögur litlum rétt á því. Eg hef sem sagt ekkert að lesa

Svona fer ferðin vísu. Það er ókátt að biðja föðurnum skrifstofu fyrir það, það fékkstu ekki frá honum, blessað lagið er svo mikið í honum alltaf.

Barbara




Herra bókavörður Ben. Sveinsson

Skólavörðustíg 11A.

Reykjavík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

106

Hólaholar




Herra Benidikt Sveinsson

~~Skólavörðustíg 11 A~~

(Ásvaldsgötu 11 a)

(getur ekki átt heima)

~~Baronsstíg 22~~

Reykjavík

Finnst ekki hjer

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sandi 11-12 1934

Heiðraði Benidikt Sveinsson

mjer datt í hug að skrifa yður nokkrar línur til að vita hvort þjer vilduð ekki byggja mjer Hólahóla í því standi sem þeir eru núna og láta mig fá bæjar-garmin (sem Dritvík) til bæjar byggingar þar í Hólahólum mætti virða hann til verðs eins og hann er og skal jeg þá sjálfur leggja til byggingar það sem til vantar og kosta það að öllu leiti ef jeg svo fæ jörðina með vissum skilmálum þess skal tekið fram að það skal ekki þurfa að krenkja Litla-lóns-bónda að neinu leiti væri einmitt betra fyrir báða að þjett bilið væri jeg treisti yður til hins besta með þettað og bið yður vinsamlegast að láta mig vita þettað

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

núna fyrir jól helst að tala
við mig í Síma á Sandi
og biðja þá um mig Kristófer-
Jónsson frá Lóni nú á Sandi
eða Skrifa mjer með fyrsta
Pósti vonti jeg als Góðs af
yður með þettað

með bestu
virsemd og virðing

Kristófer Jónsson

Sandi

Herra Benedikt Sveinsson
fir-um Alþingismaður

Reikjavik

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Raufarhöfn 7. jan. 1930.

Benedikt Sveinsson.

Kæri vinur!

Með „Esju" núna fer Hólmsteinn Helgason suður, í þeim erindagjörðum að finna ykkur upp á Olíu bræðslurekstrinum hér framvegis. Væntum við þitt liðsinni kröftuglega við Stjórnarráðið.

Gustaf Evanger hefir nú tekið við eignunum hér aftur og sækir um framhaldsrekstur.

Við treystum á þín kröftugu meðmæli þess-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

viðvíkjandi við Stjórnarráðið.
Alt hér í voða, ef rekstur
þessi skyldi hætta hér.
Hólmsteinn útskýrir þetta
alt fyrir þér.
Bestu Nýársóskir!

Kær kveðja
þinn einl. vinur

Sveinn Einarsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjálmsstöðum 8/5 '32

Heiðraði vildarvinur!

Loksins ætla jeg að senda þjer rúðingunni, sem eg hefi lofað þjer fyrir löngu. Ekkert gekk ágætlega heim, kom fermdum bíl heim í hlaðið og sendi þjer með honum þetta gamla og úrelta flutningatæki.

Engin tíðindi hjeðan að austan, kald tíð og gróðurlítið.

Með bestu heillaóskum til þín og vandafólks þíns einnig.

Þ.

Páll Guðmundsson

H.

Seattle, 30 mars '39.

Herra Benedikt Sveinsson,
Landsbókavörður
Rkv. Island.

Kæri herra, —

Ég hefi verið beðin að "skrifa heim", eins og við nefnum það hér vestra. Einn nábúi minn þarf að sýna fæðingar skírteini sitt, og foreldra sinna, ásamt giftingar skírteini foreldranna, í samb. við að fá duplicate af ríkisborgara bréfi föðursins, það glataðist í húsbruna. Ég gat ekki fengið neinar greinilegar upplýsingar, en skrifaði það litið sem ég náði í, á sérstakt blað sem

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fylgir. — —

Ég skrifa yður vegna þess að við kyntumst 1935. – en bið yður að framvísa til þeirra sem afgreiða slíkt – þeir sem hér eiga hlut að máli munu strags um hæl greiða það gjald sem tilheyrir og upp er sett. – Þeim kemur vel að fá skírteinin sem fyrst.

Kærar þakkir fyrir góða viðkynningu og góðar minningar frá ferðinni austur undir Eyjafjöll sumarið 1930.

Með vinsamlegum óskum,
yðar einlæg
Jakobína Johnson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. bókavörður Benedikt Sveinsson,

Skólavörðustíg 11,

Reykjavík.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til forseta Ben. Sveinssonar

1. Líkur ert þú að líkna
leiðist í sorgadeyðu
þjóðinni, sem fyrri gefur,
glúpni þrívar, og drúpni
Syrtir að dimmur sorti
svala í eyktar kala.
Mun þó í bjarma brenna
bíða er stundir líða.

2. Gyðjur hvíðri svá oá
eynnar, frá jötnageymnum
Þertir, með ótal þjettum
þína, og vættir dvína
Sundrung, með svikatundrum
stríð, og álfað meira
Þessum úthverfur drift-
ynnar við ströndu brennið

Lýsist-þig og leggst í da, láttu pennan
Hensar. Ef þú vildir frjetta fá
þá fordu til hans Bensa.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9

3. Er þá allt farið? Ottar mið mærið
Tekið af skarið, tvíbrotið hjarið?
Dimmir í þegni við dekurs eymi
Þrúðara þegni með tildurskemmi

4) Hvar á að lenda? Hvar fleyginn venda
Kröpp er hvikt hendi, kalt á drangsenda
Skerðast stórt lendi við strandmökkenda
Fáryrði þenda, flagðið af venda

5. Glatt fyr með glöðum, gaman í tröðum
Sálstafabörðum á sumartröðum
En nú er þar fengið fjaðrir streng-
hada mig drengir við klymlengi

6. Skyldi því skatnar skilji að [illegible] hjábnar
og báls [illegible] í brimsverfi vatn
Þá sem komið er einnen á aldarsteinanna
Þá er að sem í urvenum eyrna í hugleyn[illegible]

7. Gefist góðum gull í hönd þeim
Ljóm lagsklæði lýti og [illegible] mörum
Þegni [illegible] lýða, [illegible] tíðe
Er best að bíða, og við bölið stríða

B. B.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vík, 4/12. 1936.

Gamli vinur!

Ég hefi nú heyrt, að gefa eigi út í „bók" svokallaða stjórn-málaþætti, sem Þorsteinn Gíslason hélt í útvarpið í fyrravetur, en mér þóttu þeir bæði <u>einhliða og ómerkilegir</u>. Nú vildi ég benda þér á að athuga þetta „prodúkt" mannsins – og, ef þú sérð á því ágallana, að skrifa um þá og sérstaklega nota tæki-færið til þess að gera þessum málum (og mönnum) betri

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og sanngjarnari dóm, á
Ég þar einkum við málin,
eptir að landvarnarmenn
og stúdentastefnan komu
fram, enda var það, sem
ráðist, þeirri að spalla:
Fullveldisviðurkenning landsins,
Stjórnmála-sjálfstæði þjóðarinnar
— En mér virðist Þorsteinn
ekki segja annað en vera
því að „referera", „högrétta"
gömlu, eða í þeirra „dúr"!

Ég skrifa þér um þessa línu,
af því að ég veit til þessa engan
færari en þig (er á alt er litið),
ef þú vilt og nennir (sit venia verbo).
Með bestu óskum og kveðjum.

Þinn einl. [illegible]
Gísli Sveinsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra bókavörður Benidikt Sveinsson

Eins og að undan förnu vel ég biðja þig að gjöra svo vel og veita móttöku eftir launum pabba um ára mótin og senda mér þau. pabbi er alltaf heilsu laus og líður heldur illa. hann biður að heilsa þér með þakklæti fyrir gamalt og gott.

Með kjærri kveðju
Ásbrandsstöðum Vopnafirði 25/11 1937
Halldór Guðmundsson

Httiat
Sendast austur með Esju 10. des.

Sendar
B. Sv.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Benidikt Sveinsson bókavörður
Skólavörðustig 11
Reykjavik

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur










Herra

bókavörður Ben. Sveinsson

Skólavörðustíg 11 A

Reykjavík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

p. t. Húsavík, 15 des. 1936

Kæri vinur og frændi!

Jeg hafði ætlað að fara til Rv. nú með „Dettifossi“, en þaðan til Flateyjar með „Gullfoss“ sem er ætlað að fari frá Rv. 17. þ.m. Nú er Dettifoss orðinn það á eftir áætlun að ekki næst í Gullfoss, því verð jeg að hætta við förina til Rv. í þetta sinn, en kem þangað er jeg fer frá Flatey, en þangað þarf jeg að komast fyrir jólin svo jeg geti setið þau hjá Arngrími mínum hef jeg lofað því fyrir löngu

Þessi ferð – aukaferð má raunar segja sem jeg ætlaði mjer til Rv. ef ferðir hefðu fallið nógu hagan lega – var, af minni færi eta ætluð vegna veikinda Ólafs frá Fjöllum Þegar jeg get eigi komist þangað að þessu sinni hripa jeg þjer þessar línur í þeirri von að þú takir nú að þjer málefni Ólafs

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það er jeg ætlaði að reka að þessu einni í Rv., eða styðjir að því í samráði og samvinnu við Jón Árnason lækni okkar Keldhverfinga o. fl. góðra manna hjálp, að það fái sem happalegastan framgang.

Þú hefir auðvitað heyrt um hin sorglegu veikindi Ólafs og að hann er nú sjúklingur hjá Dr. Helga Tómassyni. Og jeg veit líka að þú munir geta nærri hvernig heimili hans og skyldulið muni nú líða.

Það sem jeg vildi nú biðja þig að stuðla að eftir getu og hentugleika er að vistin verði Ólafi sem ódýrust á hælinu. Þegar hann var tekinn inn á það var annar maður fluttur þaðan og á elliheimilið. Þar er mun dýrara að vera og þurfi Ólafur eða heimili hans að greiða hærra gjaldið. En svo bágar eru efnalegar kringumstæður Ólafs að hann er eigi fær um að standast þann kostnað nema með hjálp sveitarinnar, en einmitt það myndi leggjast þungt á heimilið og varla fært að bæta því á það ofan á alt annað.

Jeg skrifa þjer um þetta af því jeg veit að þú ert allra manna í Reykjavík kunnugastur þessu heimili, og þaraðauki gamall vinur þess ekki síst móður Ólafs, sem nú er í elli sinni verður að þola þetta áfall, sem hún ber eins og hetja á yfirborðinu, hvað sem undir býr. Jeg treysti þjer líka allra manna best til að ganga fram í þessu.

Jeg læt svo staðar numið, óska þjer og þínum að endingu gleðilegra jóla og farsællegs nýs árs.

Með bestu kveðju

þinn einl.

Björn Guðmundsson

frá Lóni

Dvel í Flatey fram til febr.-marz
þarf að komast heim í Lón fyrir lok marzmán.

B.G.



# BÆKUR

## til

# J'OLAGJAFA

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fiskarnir



## ÍSLENZK DÝR

### I

eftir
dr. BJARNA SÆMUNDSSON

*528 blaðsíður með 266 myndum og kort.*

*Nú aðeins selt ásamt hinum tveim bindunum.*

# Spendýrin



## ÍSLENZK DÝR

### II

eftir
dr. BJARNA SÆMUNDSSON

*473 blaðsíður með 210 myndum.*

*Verð í léreftsbandi kr. 12,50*

# Fuglarnir



## ÍSLENZK DÝR

### III

eftir
dr. BJARNA SÆMUNDSSON

*699 blaðsíður með 252 myndum.*

*Verð heft . . kr. 15,00*
*Léreftsband . – 20,00*
*Skinnlíking . – 22,00*

**Íslenzk dýr I–III í fallegu skinnbandi kr. 60,00.**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆKUR TIL JÓLAGJAFA:

Alþingismannatal, konungsfulltrúa, landshöfðingja, ráðherra o. fl. 1845—1930. Með myndum. Verð kr. 10.00 heft og 13.50 ib.
Norður um höf, eftir Sigurgeir Einarsson. Verð kr. 13.50 heft, 17.50 ib.
Frá heimi fagnaðarerindisins, eftir Ásmund Guðmundsson. Verð kr. 15.00 ib.
Píslarsaga, eftir sr. Friðrik Hallgrímsson. Verð kr. 5.00 ib.
Faust, eftir Goethe. Verð kr. 15.00 ib.
Kveðlingar, eftir Guðm. Friðjónsson. Verð heft kr. 7.50, ib. 10.00.
Hafræna, safnað hefir Guðm. Finnbogason. Verð ib. kr. 10.00.
Íslenzk söngbók. Verð kr. 5.00 ib.
Íslenzkt söngvasafn I—II. Verð kr. 6.00 heft og 8.00 ib. hvort hefti.
Almenn kristnisaga 1—4, eftir Jón Helgason. Verð h. 27.00, ib. 45.00.
Íslenzkt þjóðerni, eftir J. J. Aðils. Verð ib. kr. 10.00.
Þýzk-íslenzk orðabók, eftir Jón Ófeigsson. Verð ib. kr. 29.00.
Davíð skyggni, eftir Jónas Lie. Verð heft kr. 3.80, ib. 5.50.
Dýralækningabók, eftir Magnús Einarsson. Verð ib. kr. 15.00.
Sagan um San Michele, eftir Axel Munthe. Verð heft kr. 13.50, ib. 17.50, í skinnb. 22.00.
Ennýall, eftir Helga Pjeturss. Verð heft kr. 10.00.
Myndir úr menningarsögu Íslands, eftir Sigfús Blöndal og Sigurð Sigtryggsson. Verð heft kr. 5.00, ib. 7.00.
Fimm höfuðjátningar evangelisk-lúterskrar kirkju. Verð h. kr. 8.00.
Helgist þitt nafn, eftir Vald. Snævarr. Verð heft kr. 1.50, ib. 3.50 og 5.00.
Sögur frá ýmsum löndum I—III. Verð heft kr. 7.50, ib. 10.00 hvert bindi.
Egilssaga, Laxdælasaga, Eyrbyggjasaga fornritafélagsins. Verð heft kr. 9.00, ib. 15.00 hvert bindi.

# BARNABÆKUR:

Sögur handa börnum og unglingum, eftir sr. Fr. Hallgrímsson. Verð I. hefti kr. 2.00, II.—V. 2.50 hvert hefti.

Andersens æfintýri. Verð ib. kr. 5.50.
Gosi, æfintýri gerfipilts, eftir Collodi. Verð ib. kr. 4.00.

Ferðir Münchhausens baróns. Verð ib. kr. 1.50.

För Gullivers til Putalands, eftir D. Swift. Verð ib. kr. 1.50.

Jólasveinarikið. Verð kr. 2.50 ib.

Refurinn hrekkvisi. Verð ib. kr. 2.00.

Tólf þrautir Heraklesar. Verð ib. kr. 2.50.

Tumi þumall. Verð ib. kr. 2.50.

Æfisaga asnans. Verð ib. kr. 2.00.

**BÓKAVERZLUN SIGFÚSAR EYMUNDSSONAR**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÓKAVERZLUN SIGFÚSAR EYMUNDSSONAR

# Nokkrar nýjar bækur árið 1936.

Bjarni Sæmundsson: Fuglarnir. Verð 15.00, 20.00 og 22.00.
Helgi P. Briem: Sjálfstæði Íslands 1809. Verð 12.00.
Pearl S. Buck: Gott land. Verð 8.00 og 10.00.
Björgúlfur Ólafsson: Frá Malajalöndum. Verð 14.00, 17.00 og 20.00.
Davíð Stefánsson: Að norðan. Verð 8.00, 10.00 og 15.00.
Elín Sigurðardóttir: Kvæði. Verð 4.00 og 5.50.
Elínborg Lárusdóttir: Anna frá Heiðarkoti. Verð 3.60 og 5.00.
Guðlaug Benediktsdóttir: Sérðu það sem ég sé? Verð 4.80.
Guðmundur Daníelsson: Ilmur daganna. Verð 4.60 og 6.50.
Guðm. G. Hagalín: Virkir dagar. Verð 6.50 og 8.50.
Huld II. Verð 8.00 og 14.00.
Hulda: Dalafólk I. ísól. Verð 10.00 og 12.00.
Íslenzk fornrit. Grettis saga Ásmundarsonar. Verð 9.00 og 15.00.
Jón Helgason biskup, dr. theol.: Hannes Finnsson biskup í Skálholti. Verð 12.00 og 16.00.
Kristmann Guðmundsson: Lampinn. Verð 5.00 og 7.50.
Matthías Jochumsson: Ljóðmæli (heildarútgáfa). Verð 25.00 og 30.00.
Maupassant, Guy de: Úrvalssögur. Verð 4.00 og 6.00.
Munthe, Axel: Frá San Michele til Parísar. Verð 10.00 og 12.00.
Queux, W. le: Æfisaga Raspútins. Verð 4.60.
Rauðka. Úrval úr Speglinum 1.—10. árg. Verð 15.00 og 20.00.
Sálmasöngsbók til kirkju- og heimasöngs, búið hafa til prentunar Sigfús Einarsson og Páll Ísólfsson. Verð 20.00.
Sigurður Helgason: Ber er hver að baki. Verð 4.00 og 10.00.

BÓKAVERZLUN SIGFÚSAR EYMUNDSSONAR
OG BÓKABÚÐ AUSTURBÆJAR B.S.E., LAUGAVEG 34.

BÓKAVERZLUN SIGFÚSAR EYMUNDSSONAR

Jak. Jóh. Smári: Handan storms og strauma. Verð 7.50 og 10.00.
Theodór Friðriksson: Mistur. Lokadagur II. Verð 5.00.
Henrik Thorlacius: Kynslóðir koma —. Verð 4.75 og 6.25.
Trotzki, Leo. Ævi mín. Verð 9.50.
Það mælti mín móðir. Sýnishorn af kveðskap þrjátíu íslenzkra kvenna. Verð 6.50, 8.00 og 10.00.
Þorsteinn Gíslason: Þættir úr stjórnmálasögu Íslands árið 1896—1918. Verð 4.50.
Þættir úr sögu Reykjavíkur. Verð 14.00 og 20.00.
Indriði Einarsson: Sjeð og lifað. Verð 15,00 og 20,00.

## Barnabækur.

Sesselja síðstakkur og fleiri sögur. Verð 4.50.
Edison. Blaðadrengurinn, sem varð mesti hugvitsmaður í heimi. Verð 3.50.
Litlir flóttamenn. Drengjasaga frá Noregi. Verð 4.50.
Grimms æfintýri, 4. hefti. Verð 2.00.
Karl litli. (Saga frá Draumamörk). Verð 5.00.
Kátir krakkar. Verð 1.50.
Óli snarfari. Verð 2.75.
Pétur litli. Verð 3.75.
Mamma litla II. Verð 3.75.
Róbinson Krúsóe. Verð 3.50.
Andri litli á sumarferðalagi. Verð 3.00.
Æfintýri í Íshafinu. Verð 3.50.
Örkin hans Nóa. Verð 2.75.

BÓKAVERZLUN SIGFÚSAR EYMUNDSSONAR
OG BÓKABÚÐ AUSTURBÆJAR B. S. E., LAUGAVEG 34.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr.

Bibliotekar Benedikt Sveinsson

Skólavörðustíg 11 A

Rv

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

KGL. DANSK REPRÆSENTATION I ISLAND

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Med venlig Hilsen!

LEGATIONSRAAD C. A. C. BRUN

DANMARKS REPRÆSENTATION

I ISLAND

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



FRA DEN ISLANDSKE MINISTERS BESØG I MADRID.
Staaende fra venstre til højre: Minister *Bjørnsson*, Attaché *Benediktsson*, Fru Minister *Boeck*. Fru Minister *Bjørnsson*, Konsul *Hedegaard* og Minister *Boeck*. Siddende: Fru Attaché *Briem* og Fru Attaché *Benediktsson*.

168

Danmarks-Posten
Juli 1936

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra bókavörður Benidikt Sveinsson

Skólavörðustíg 11

Reykjavík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flögu 23/9 1935

Kæri vin.

Jeg skrifaði þér í sumar en
hef ekkert svar fengið frá þér
aftur er ég því hræddur um að það
bréf hafi glatast efni þess bréfs
var að (biðja þig að) athuga um greiðslu frá mér
til Búnaðarbankans árið 1933 það
ár fékk ég afborgunarfrest og vaxta-
-lækkun í fimm ár átti ég að greiða
81 kr og 80 aura það ár borga ég frá
kaupfélagi Langnesinga 51 kr
og hef viðurkenning fyrir því enn
í bréfi frá þér segir að eftir standi
hjá þér 30 kr og 70 aurar af bankaláninu
sem þú biður að borga það ár til
bankans, og efa ég ekki að þú hafir
gjört það enn hefur sennilega gleymst
að innfæra það. Nú hefur bankaráðið
falið sýslumanni að auglýsa jörð mína

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til uppboðs fékk ég frest til ákveðin tíma ef ég gæti fengið á þessu leiðrétting er nú sá tími þegar úti er ílt að þurfa að borga þetta aftur þegar búið er að margfalda upphæðina.
Nú vil ég biðja þig að fá þetta leiðrétt ef unt er og láta mig vita svo fljótt sem þú getur um árangurinn

Hver kveðja og ósk um góða líðan

Jóhannes Guðmundsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur




Herra Benedikt Sveinsson

Skólavörðustíg 11

Reykjavík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ásbyrgi 4. júlí 1935

Kæri frændi!

Við sendum þér og fólki þínu hugheilar kveðjur og þökkum veturinn og alla vinsemd, sem ætíð mætir okkur hjá ykkur.
Nú erum við komin heim hingað fyrir nokkru og málum af kappi. Veðrið er heppilegt, en mest málum við inni samt. Þau málverk eru ófullgerð, sem við vinnum að. Drengur okkar er kátur og fjörugur. Hann fékk kíghóstann, en er nú orðinn fullhraustur. Héðan að norðan man ég ekki neitt sérstakt að segja. Nýlega var haldinn pólitískur fundur að Skinnastað. Þar var fjölmennt en ekki komum við þangað. Fréttum við að mest hefði verið klappað fyrir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gísla Guðmundssyni og Benjamín á Gilsbakka.

Pabbi er hraustur en alveg sköllóttur. En allt í kring er uppvaxandi kynslóð. Þeir eldri og gömlu eru horfnir og dánir. Fyrir mér er allt hálfkunnugt eða ókunnugt. Pabbi segir það sama. Bangsi gamli er sá eini, sem hann heimsækir og talar við eins og í fyrri dögum. Það er síðasta bergmálið frá gamla Kelduhverfi.

Stöðugt koma bílar inn í Ásbyrgi. En ekkert af þessu fólki sjáum við. Fáum við að sjá eitthvert ykkar í sumar?

Við óskum ykkur svo allrar heilla og kveðjum ykkur með bestu þökkum.

Ykkar einlæg

Karen Agnete Kiddi og Sveinn Þórarinsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

A. P. JOHANNSON
910 PALMERSTON AVE.
WINNIPEG
CANADA

WINNIPEG MAY 9 1 PM 1936 MAN.




Herra Benedikt Sveinsson, fyrv. alÞm.

Skólavörðustíg 11 A.

Reykjavík, Iceland.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

PHONE 71 177

A. P. JOHANNSON
910 PALMERSTON AVENUE

WINNIPEG ............Mai 7,............193 6.
CANADA

Herra frv. Alþingisman Benedikt Sveinsson,

Reykjavík, Ísland.

Háttvirti herra,-

Við sem tilheyrum Frammkvæmdarnefnd h. f. Eimskipafélag Íslands sjáum okkur ekki fært að sækja næsta aðalfund félagsins á þessu sumri, þá höfum við komið okkur saman um að fara vinsamlega þess á leit við yður ásamt Hr. Bankastjóra Magnus Sigurðsson, að mæta á téðum fundi fyrir hönd Vestur Íslenzkra hluthafa og fara þar með atkvæði okkar samkvæmt lögum og venjum félagsins.

Við treystum að þettað baki yður ekki óþægilega fyrirhöfn, og viljum þakka yður fyrirfram þann greiða er þér munuð gjöra okkur með því að vera við þessum tilmælum.

Með fullu trausti og vinsemdarvirðingu til yðar og árnaðaróskum til félagsins.

A. P. Johannson
Árni Eggertsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur




a Benedikt Sveinsson

Skólavörðustíg 11

Reykjavík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

p.t. Nesjum 25/7 – '36

Hr. Bókavörður.
Benidikt Sveinsson

Við minntumst á við yður fyrir stuttu hvort þjer vilduð leigja okkur slægjur í Sandey ef nokkrar væru, vildum nú biðja yður um svar viðvíkjandi þessu ef mögulegt væri fyrir næstkomandi miðvikudagskvöld því þá verður ferð austur til okkar. Ef það reyndist að hægt væri að slá þar eitthvað hefðum við hugsað okkur 1 kr undir ~~kg~~ kaplinum.

Vinsamlegast
Guðrún Jónasson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svarað 3/4 1936.

Kotastöðum 22 mars 1936.

Kæri frændi minn!

Bestu þakkir fyrir brjefið þitt og þær upplýsingar, sem þú gafst mjer um þetta byggingarlán. – Erum við ákveðnir í því, að taka lánið fyrir gjalddaga 1935. – við losnum þá einu árinu fyrr við lánið, ef við lifum svo lengi að geta greitt það alt. – Björn Kristjánsson hefur lofað að greiða bánkanum þessa fystu afborgun, nú þegar. Sagðist hann láta Sambandið annast um slíkar greiðslur fyrir sig, og eins hefði hann það með þetta, og ef alt gengur eins og maður gæti búist við, ætti bánkinn að vera búinn að fá þessa greiðslu, þegar þú færð þetta brjef mitt. – Mér þætti ákaflega vænt um ef jeg mætti biðja þig að gjöra svo vel og gera nú síðustu samningana fyrir mína hönd í þessari lántöku. – Björn Kristjánsson þykist aldrei vita neitt, um þetta þó við gæfum honum í fystunni umboð til að taka á móti láninu fyrir okkar hönd. – Við bræðurnir höfum talið okkur eigendur að húsinu á Skattaskýrslum, og gerum það áfram, og þar sem við ætlum ekki að taka meira lán, þá er þetta lánsfje ekki nema tæpur helmingur, af því fje sem komið er í bygginguna,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og fékkst okkur því rjettast að reyna að eiga það alt
ef við getum, og helst hefðum við kosið að ná í jörðina
líka til eignar, ef þess væri kostur, en það verður nú
lík lega ekki, eftir nú tíðar andar.

Bánkinn vill fá reikninga yfir hús bygginguna
og byst ég við að það sje gert í þeim til gángi að
sjá að þessu láni sje hafi verið varið í húsið.
En það sem Jóhann Kristjánsson byggingar meistari
leit á húsið í vor, og hafði hann um mæli að það
væri búið að gera lánunum meira en fyrir láninu
og hefur þó verið mikið gert við það síðan, og eign-
ið er búið að virða húsið til skatts og brunabóta, og má
það sjá að það er það hærra virt en lántakan er.
Þess vegna byst ég við að hægt sje að gánga frá
láninu þó við sendum ekki reikninga, það er tölu
vert verk að tína þá alla saman, en þó munum
við reyna það gerist bein þörf.

Svona hef eg skilið þetta, og hef þetta því ekki
lengra.— Ég get ekki sagt þér neinar frjettir,
heilsu far mamma hefur verið fremur gott, en aftur
hefur tíðin verið ill, erviðari við okkur í vetur, og
lítur nú út fyrir veru leg vand ræði með fóður byrgðir
ef ekki bregst til batnaðar fljót lega.
Mun Núpasveit vera mörgum sveitum betri hvað
þetta snertir, en þó á sumum bæum [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

legur hey skortur, ef það hörm haldast lengi en snjór er þó ekki meiri en það hér niðri sveitinni að það mundi koma á flestum bæjum, eftir sólarkrings hlákur, og lifum við nú í voninni að fá hana sem allra fyrst.

Ég er beðinn að skila bestu kveðju til þín hjeðan. — Kveð ég þig svo með kæri kveðju

þinn einl. frændi

Kristbj: Benjamínsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur




Hr.

bókav. Benedikt Sveinsson

Skólavörðustíg 11 A.

R.vík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| 1935. 13. júli | gr. vextir | 78,94 |
| 1936 15. apr | — — | 78,94 |
| 15. — | afborgun | 28,92 |
| 1937 14. — | árgjald | 27.00 |
| | Dovextir | 1,35 |

Höfuðstóll nú 285,—

Næst á að greiða 11. júní 1937.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kom 14. apríl.

7

Litlalóni ..... 24/3 1931

Herra Benidigt Sveinsson

Mjer er farið að leiðast eftir brjefi frá iður jeg hef ekki feingið brjef frá iður í tvö ár jeg er búin að skrifa iður tvisvar en ekk jart svar feingið og hygir mjer það mjög leiðinlegt jeg sendi iður ekki eftir gald efir jörina í hettað sin jeg varð að tapa sudar galdin úr bánum í ~~fira~~ sumar og kostaði það mig 60 krónur nú er ekki nokkur leið að vera í bánum nema sje gert við hann veggir~~nir~~ eru að detta undan honum og norður galdin er orðin fúin í honum líga, jeg óska eftir að ~~þer~~ gefið mjer á kveðið svar hvort þjer ætlið að láta gera við bæin svo hann sje leigu fær ~~að~~ anars verð jeg að reina að ditta svo-að honum í haust að jeg geti verið í honum næsta vetur ef jeg þarf á að halda þá læt jeg það ganga uppí eftirgaldið á jörðini rjett er að minast ör litið á bæin í Dritvíg jeg kom þar í vetur og þótti mjer þar ljótt að sjá, það er farin hálf hliðin beggja meign

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

alt svo itri síðirnar og sjest hvergi spítaur því svo ætla jeg ekki að fara fleiri orðum um það núna frjettir hef jeg eingar að seia iður nema tíðin hefur verið stirð i vetur en þó hefur aldrei tegið firir jörð i hólum en þó hafa þei eiðst með mesta móti skeppu höld góð sem af er tíðar far hefur stórum batnað síðan vigu af góu þó hefur hún verið mjög frostasamt snjór hefur verið mjög migill en er nú farin að minka og mest hefur hann minkað af sólar hita þó mest i hólum þeir ligga svo vel við sól svo er svo skjólasamt i norðanáttini

þigir mjer mjög slamt að verða að hregast burt af kotinu sögum þess að jeg er búin að koma túninu i góða rægt og er búin að koma mjer upp dálitlum vísir af kindum svo er ekki gott að þurfa að setja jörina i iði jeg treisti að þjer svarið mjer miða þessum sem first

virðingar fillst

Daghjartur Þorsteinsson

Þessa kvittun á að sýna við næstu árgjaldsgreiðslu, eða tilgreina Nr. G. 110

Í dag hefir hr. Benedikt Sveinsson.

Reykjavík

greitt **Ræktunarsjóði Íslands** árgjald 1936
af ofangreindu láni:

| | | |
|---|---|---|
| afborgun . . | kr. | 15.00 |
| vöxtu . . . | kr. | 12.00 |
| | kr. | 27.00 |
| dráttarvöxtu | kr. | 1.35 |
| | kr. | |

samtals kr. 28.35

Eftirstöðvar lánsins eru kr. 285.00

Árgjald á að vera kr. 27.00

Reykjavík, 14. apríl 1937.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS.

Gjalddagi er 11/6

H. Þorleifsson P. Magnússon

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Marteinn Bjarnarson

Herra alþingismaður Benedikt Sveinsson

Reykjavík

c/o Steindór Jóhannesson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

p.t. Húsavík, 5. Ágúst 1930

Kæri frændi:

Beztu þökk fyrir seinustu samfundi.

Hér hefi eg verið rúman hálfan mánuð og hygg að svo verði fram eftir næsta mánuði. Þá hygg eg að fara til Sauðárkróks – því þann 17. júlí n.l. festi eg kaup á húsi þar. Hygg að byrja þar verzlun, í litlum stíl og hugsanlega fæst einnig eitthvað ofurlítið við, að selja greiða.

Eg sendi þér hérmeð 2 blöð af Íslendingi. Þar er ritgjörð mín um vegamál, sem eg mun eitthvað hafa talfært við þig, en man þó ekki vel eftir. Það var um margt að hugsa og skrafa – um hina minningarríku Alþingishátíð.

Eg held fast við þá skoðun að það eigi að leggja áherzlu á að gjöra umferðarfært austur yfir fjöll, Hálendisleiðina, sem eg vil svo nefna, en að það sé fjarri réttu lagi að samþýðast skoðun Jóns í Felli, sem hann gjörir grein fyrir í ritgjörð sinni í Samvinnunni. Aðalleiðin á að vera eins stutt og verða má og að henni á að gjöra færar álmur að svo miklu leiti sem unnt er. En hins vegar þykir mér vænt um bjartsýni Jóns. Og auðvitað dregur seinna að því, að það þarf að byggja vandaða vegi, sem liggja sem allra lægst til þess að geta notað hin hraðvirku tæki, bílana, sem allra lengstan tíma árlega.

Ein sú álma, sem eg hygg að réttmætt og nauðsynlegt sé að gjöra færa um sumartímann er leiðin úr Þistilfirði upp á Hólsfjöll. – Kunnuga menn hefi eg fengið til að gefa mér upplýsingar um þessa leið, en því miður (má eg ekki við því) skortir mig orku til að skoða leið þessa sjálfur. En mér er bent á að hin auðveldasta leið mundi verða þannig að fara af leið aðalpósts vestan við Sandá hjá Flögu inn eða suður Búrfellsheiði um Foss og Hvammsstaði gegnum „Mynni“ að Víðihóli á Fjöllum. Er því haldið fram að [word struck out] öll aðstaða frá hendi hins skapanda máttar bjóði mönnum þarna auðunnið starf þannig, að tiltölulega lítið fé mundi nægja til þess að framleiða „rólfæran“ sumarveg handa bílunum.

Með beztu kveðju

Þinn

Marteinn Bjarnason

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það er að minsta kosti von um að utanhjeraðsstarfsmenn gætu byrjað verk við Grímsstaði á Fjöllum vorið 1931, án þess að hafa stigið fæti út úr bifreið frá Kópaskeri við Axarfjörð. Er sú leið þó löng (65—70 km.) en fremur greiðfær.

Búendur á Fjöllum hafa lengi háð baráttu við örðuga aðdrætti. Hugsanlega meðfram þess vegna sýnt lofsverðan dugnað undanfarin vor og haust við að ryðja og gera akfært norður um Hólssand, út í bygð í Axarfirði. En eftir að Brunná í Axarfirði var brúuð tognaði hin akfæra leið frá Kópaskeri með undra flýti, og mun ná alla leiðina að Austaralandi (ca. 30 km.) En sá bær er næstur norðan við Hólssand í beinni leið.

Mjer hefur verið sagt það áform þeirra 6 bænda, sem búa á Hólsfjöllum, að yfirbuga torfærurnar með nokkurri opinberri hjálp, næsta vor og haust, þannig að bifreiðar komist heim til þeirra alt sumarið 1931. (Vegal. ca. 35 km.). Tel jeg athafnir og áform tilgreindra manna sanna hið mikla kjörhæfi þessa víðlendis (Fjallabygðanna) til hraðferða.

Þá er að leitast við að athuga nánar austurhluta aðalleiðarinnar, um Jökuldal til Möðrudals.

Frá Fossvöllum suðvestur dalinn liggur leiðir um Haugstaði, Hvanná og Hofteig að Hjarðarhaga. Þetta ca, 20 km. langa svæði hygg jeg vera nokkuð greiðfært til vegarruðnings. Nær því hvergi er mýrlent, ekki verulega grýtt nje klappir til hindrunar. Sennilega þarf að byggja brýr yfir þverár og læki. Í leysingum geta sumar árnar orðið ærslagjarnar. Það verður að vanda vel stuttar steinbogabrýr yfir þær svo til varanlegrar frambúðar megi verða.

Til þess að gera þennan vegarkafla færan bílum vil jeg áætla verk 20 manna í 4 mánuði. Og auk þess aðkeypt efni til brúargerða fyrir 5 þús. kr.

Frá Hjarðarhaga inn að Skjöldólfsstöðum er löng bæjarleið (alt að 10 km.). Það hygg jeg vera örðugasta kaflann á allri leiðinni, einkum vegna þveránna. Að minsta kosti 4—5 flestar töluvert vatnsmiklar og straumharðar þverár verða á leiðinni. Veitir vatni að þeim frá víðlendum svæðum norður á heiði.

Fyrir mörgum árum voru þær stærri brúaðar. En brýrnar reyndust ekki að öllu leyti nægilega traustar og urðu herskáum náttúruöflum eitthvað að leikfangi. Brýr þessar hafa að vísu verið endurreistar, en það mun vafasamt hvort þær eru nothæfar handa bílum eða gerðar á þeim stöðum, sem nauðsyn krefur vegna þeirra.

Það er hugboð mitt að þessi bæjarleið, að meðtöldum brúarbyggingunum, heimti vinnukraft 20 manna heilt sumar (fjóra mánuði). Og auk þess aðkeypt efni til brúargerða fyrir 10 þús kr.

Frá Skjöldólfsstöðum er leiðin sljettlend og laus við verulegar torfærur inn að Gilsá (3 km. leið). Gilsá mun vera einna stærst þverá í Jökuldal. Yfir hana þarf að byggja nýja steinbogabrú því eldri brúin verður tæplega gerð nothæf þannig að fje sparist. Auðsætt er að ár líða þar til Gilsá hindrar hina hröðu umferð.

Framh.

Marteinn Bjarnason.

# NÝJA-BIÓ

sýnir á næstunni tvær stórmyndir, sem framarlega standa að efni, list og leik. — Eru það þessar kvikmyndir: ***Chicago*** og ***Bátsmaðurinn*** eða Wolgas boatman. Leikstjórn beggja myndanna hefur annast snillingurinn Cecil B. de Mille, og teflt fram eingöngu úrvals leikendum og vandað frágang allan sem best má verða. Er t. d. einn af aðalleikendunum í báðum myndunum hinn glæsti ***Victor Varkony***, sem eingöngu leikur hin stærstu hlutverk. Í »Konungi konunganna« ljek hann t. d. Pílatus, Nelson í Lady Hamilton og aðalhlutverkið í stórmyndinni »Síðustu dagar Pompeji-borgar«. — ***Chicago*** er nokkurskonar ádeila á stjettarfarið í Ameríku og er sönn lýsing hins verulega lífs, þótt mörgum kunni að þykja sumt all-ótrúlegt. Aðalkvenhlutverkið er leikið af hinni góðkunnu leikkonu ***Phyllis Haver***, sem margir munu kannast við frá myndinni »Sjálfskaparvíti«, þar sem hún ljek á móti Emil Jannings. — ***Bátsmaðurinn*** (Wolgas-boatman) er kvikmynd í 10 þáttum sem fræg er orðin og alstaðar hefur verið tekið með opnum örmum. Var hún fyrir nokkru síðan sýnd í Reykjavík og hlaut meiri aðsókn en flestar aðrar myndir, svo góð þótti hún. Efni myndarinnar er rússneskt. Tartaraflokkur hefur slegið tjöldum sínum á bökkum Wolga-fljótsins nálægt gömlu höfðingjasetri. Þangað heyrist söngur þeirra, sem hafa þá atvinnu að draga pramma hlaðna af vörum meðfram bökkum Wolgu, stundum með straumi, stundum á móti. Og til þess að gleyma kvölum og þreytu og ljetta sorgirnar syngja þeir í takt sinn eigin söng, hin gullfallegu Wolga-ljóð: »Tökum fast á« o. s. frv. Einn af þessum dráttarmönnum er hetjan í kvikmyndinni, bátsmaðurinn Feodor, sem leikinn er af ***William Boyd***. — Gerist hann foringi þessara fátæku og þrælkuðu manna, svo þeir geti brotið af sjer okið og fengið rjett sinn í þjóðfjelaginu. Sýnir myndin þau átök. Aðalsmærina Veru, sem er ein af aðalpersónum myndarinnar, leikur hin yndislega ***Elinor Fair***. Er varla hægt að finna betri »karakter«-leik, þótt víða væri umlitast í stórmyndum nútímans, svo snildarlega fer hún með hlutverk sitt. ***Öll er myndin hin fegursta***. Bátsmaðurinn verður sýndur á sunnudagskv. með aðstoð ***Geysis***, sem syngur Wolgu-ljóðin oftar en einu sinni undir sýningunni.

X.


**Gullhringur** fundinn. Geymdur í Norðurgötu 28.

# Kransar.

Afar ódýra og fallega kransa, einnig útsprungna ***rósaknúppa*** selur

**Hulda Clausen.**
Strandgötu 37.

**MUNIÐ EFTIR**
minningarspjöldum Gamalmenna-hælissjóðs Akureyrar!
Fást hjá bóksölum.



# VJER ERUM ÞESS ÖRUGGIR,




að hinar loftþjetttu umbúðir um »Kodak«-filmuna sjeu þær bestu sem til eru. Vjer eru þess enn fremur öruggir, að »Kodak«-filman sje hin besta, sem heimurinn hefir að bjóða. Ef þessu væri ekki þannig varið, myndu sjerfræðingar þeir, sem »Kodak« hefir á að skipa, fljótt komast að raun um það. Á bakvið »Kodak« filmuna stendur hin stærsta og best úr garði gerða ljósmyndastofnun heimsins og heimsfrægir vísindamenn, sem gert hafa að æfistarfi sínu rannsóknir og umbætur á ljósnæmum efnum.

# ‚Kodak'-filman

þekkist um allan heim sem óbrigðula filman í gula pappahylkinu.

**Kodak Limited, Kingsway, London, W. C. 2.**





# Allar íslenskar húsmæður

eiga að nota í könnuna sína **íslenskt Export**-kaffi, þegar það er jafn gott því útlenda og **mikið ódýrara.**

Heildsölubirgðir hjá:

**I. Brynjólfsson & Kvaran,**
Akureyri.



# Firestone

FOOTWEAR COMPANY.

# Nýung!



*Sterkir, gráir gúmmmískór með príma hrágúmmisólum.*

**Birgðir af hvítum og brúnum strigaskófatnaði.**

Aðalumboðsm. á Íslandi:
*Th. Benjaminsson,*
Læjartorgi 1. — Reykjavík.

Birgðir í Kaupmannahöfn hjá
*Bernhard Kjær,*
Gothersgade 49. Möntergaarden.
København K.
Símnefni: Holmstrom.



# Reiðhjól

(Raleig) til sölu Verð kr. 140,00

**Arthur Gook.**

# Brúkað orgel

í ágætu standi, 2 spil. Hnotutrjeskassi. Til sölu með sjerstöku tækifærisverði.

**Þ. Thorlacius.**


Prentsmiðja Björns Jónssonar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Kauptaxti

*skipstjórafjelags Norðlendinga á herpinótaveiði sumarið 1930.*

1. Kjör skipstjóra, sem er nótabassi, sjeu 6% af brúttó-verði afla.
2. Stýrimaður, sem ekki er nótabassi, skal hafa 3,3% af brúttóverði afla.
3. Sje stýrimaður nótabassi, en ekki skipstjóri, skal það vera samningsatriði milli aðila, hvernig þær samanlögðu prósentur skiftast milli þeirra, þó þannig, að skipstjóri hafi aldrei minna en helming.

Akureyri, 28. maí 1930.

Í stjórn skipstjórafjelgas Norðlendinga:

**Aðalsteinn Magnússon,** formaður. **Haraldur Gunnlaugsson,** ritari

**Zophonias Árnason,** gjaldkeri.

# Aðalfundur

## Sambands norðlenskra kvenna

*hefst mánudaginn 2. júní kl. 3 e. h. í samkomusalnum í Skjaldborg.*

***Stjórnin.***

# Willys Six og Willys Knight





Þessa ágætu bíla útvegar

## Tómas Björnsson,

**Akureyri.**

# ÚTGERÐARMENN!

Við að notfæra sjer nýjustu aðferðir við að barka nætur, garn og línuverk endast þær minsta kosti 5 ár lengur, en nú á sjer stað. — Þeir, sem kynnu að vilja sinna þessu, ættu hið allra fyrsta að tala við undirritaðan, sem gefur allar nánari upplýsingar.

Jötunheimum.

**T. Hjemgaard.**

leiðina, verða því nær arðlaus árum saman svo að kalla má, að útgjaldavextir hlaðist þar utan í arðlausan höfuðstól.

Af framan greindum ástæðum og samanburði, vil jeg að öllum þeim, er vegamálum landsins ráða, megi vera það ljóst að það á að byggja hina eðlilegu, stuttu, greiðfæru og ódýru Hálendisleið fyrst. Strandaleiðina á eftir, þegar efni leyfa.

Mörg þau skip, sem flytja póst og farþega til landsins sigla í fyrstu höfn hjer á Austfjörðum. Eftir að bifreiðar komast frá Austfjörðum norður og suður, kjósa margir farþegar hraðari ferð með þeim í stað þess að dvelja í skipunum, er tefjast við að afhenda farm á mörgum viðkomustöðum. Verður eftir það væntanlega eigi hjá því sneitt, um sumartímann, að taka allan ljettari póst úr skipum hjer eystra, svo hann komist í hendur eigenda fyrir norðan, vestan og sunnan löngu fyr, heldur en ef hreyfingarlaus lægi í skipi. Ýmsum ferðamönnum mundi og þykja hagkvæmt að þeysa í bifreiðum þvert um landið, jafnhliða póstflutningi, til að komast í skipin, þegar þau láta í haf frá Austurlandi.

Vegna fjarlægðar, strjálbýlis og af fleiri eðlilegum orsökum, hefur Austurland orðið á eftir um fjárframlög til samgöngubóta á landi. Má það því vera gleðiefni góðum mönnum og sanngjörnum, hve auðvelt virðist að rjetta mikið hlut Austurlands með akfæru sambandi jafn hliða því, að vegakerfi landsins nær tengslum við Norður-Þingeyjarsýslu og báðar Múlasýslur.

Greiðar samgöngur skapa öllum dugnaðarmönnum skilyrði til aukinna og nýrra viðfangsefna, sem veita arð og ánægju, ef rjett er áhaldið. Engum gat t. d. komið til hugar að stofna mjólkurbú austur í Flóa, ef um vegleysu væri að fara til Reykjavíkur. —

Nú á dögum vilja menn hafa mat sinn — engar refjar. Þegar hörðu árin ganga í garð og hafísinn heftir siglingar, geta bifreiðar, eftir að snjóa leysir af góðum vegum á vorum, flutt nauðsynleg matarföng millum landsfjórðunga. Þannig má afstýra því að einstök hjeruð lendi í þröng eftir að vetrarforði, er sæmir Norðurlandi vegna siglingahindrunar af völdum hafíss, er genginn til þurðar.

Þar sem búið er að byggja brýr og vegi og ryðja land svo fært sje bifreiðum, er öll umferð, ferðalög og flutningar, gerbreytt.

Maðurinn glatar lífinu ef blóðrás hans hindrast. En þannig mun litið á, að greiðar samgöngur sjeu þjóðunum áþekkur lífgjafi og manninum blóðrásin. Jeg lít svo á, að einn þáttur í menningartilraunum okkar Íslendinga líði vorhret hart, ef nokkuð verður hikað við— það [illegible] hjer eftir að nema í burt það mein, er aftrar því að slagæð landsins, vegirnir, nái gegnum landið frá hafi til hafs — gegnum Austurland, Norðland og Suðurland. En með því tel jeg dugandi mönnum opnuð sú skuggsjá til bjargráða, er líkjast megi kerfi Landssímans, stofnun Íslandsbanka eða togaraútveg landsmanna.

21. apríl 1930.

**Marteinn Bjarnason.**

# Tannklinik

mín er opin frá kl. 10–12 f. h. og 2–5 síðd. í húsi Guðbjörns Björnssonar kaupmanns. — Gengið inn að norðan.

**Caroline Espholin.**

# STOFA

til leigu frá júní. — Ef til vill aðgangur að eldhúsi. — Afgr. v. á.

# TIL SÖLU

er mótorbáturinn »Viggó« frá Reykjavík. Báturinn er að stærð ca. 20 tonn, með nýlegri 50 hesta Super-Skandiavjel. Hvorttveggja — bátur og vjel — er í ágætu ásigkomulagi.

Semjið við

**Tómas Björnsson,**
Akureyri.

# Firestone



## nýju sjóstígvél

vörumerkið

## „PACIFIC“

eru búin til úr frábærilega haldgóðu gúmmí, og eru nú þrautreynd sem

## heimsins sterkustu

Aðalumboðsmaður á Íslandi:
Th. Benjamínsson,
Lækartorg 1. Reykjavík.

Birgðir í Kaupmannahöfn hjá
BERNHARD KJÆR
Gothersgade 49, Möntergaarden
København K.
Símnefni: Holmstrom.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Prentsmiðja Björns Jónssonar.